


Ársskýrsla Skóla- og Velferðarþjónustu



Velferðarþjónusta almanaksárið 2015

Skólaþjónusta skólaárið 2015-2016

Skipurit skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíkinga.



Mynd 1. : Forstöðumaður er faglegur yfirmaður starfsmanna velferðarþjónustu en starfsmenn heyra undir það sveitarfélag/sveitarfélög þar sem þeir hafa starfsstöð. Forstöðumaður, starfsmenn skólaþjónustu og félagsráðgjafi í málefnum fatlaðs fólks eru starfsmenn allra sveitarfélaganna sem aðild eiga að samningnum.

Nefnd Oddvita og sveitastjóra

Byggðasamlag um Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíkinga var stofnað 24. júní 2015. Þau sveitarfélög sem eru aðilar að byggðasamlaginu eru: Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerði, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Sveitarfélagið Ölfus. Stjórn byggðasamlagsins (NOS) fer í umboði viðkomandi sveitarstjórna með yfirstjórn skóla- og velferðarþjónustunnar. Stjórnina skipa oddvitar/sveitarstjórar aðildarsveitarfélaganna. Í stjórn NOS sitja eftirtaldir fulltrúar:

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður
Gunnar Þorgeirsson
Ragnar Magnússon
Gunnsteinn Ómarsson
Árni Eiríksson
Helgi Kjartansson
Björgvin Skafti Bjarnason

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd er skipuð sjö fulltrúum frá hverju aðildarsveitarfélagi og skipar stjórn byggðarsamlagsins (NOS) í nefndina. Nefndin ferí umboði viðkomandi sveitarstjórna með stjórn og framkvæmd Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls. Nefndarmenn eru sem hér segir:

Bryndís Böðvarsdóttir formaður
Ásmundur Lárusson
Hörður Óli Guðmundsson
Eyrún Hafþórsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir
Bjarney Vignisdóttir

Á árinu 2015 voru 6 fundir haldnir í nefndinni.

Starfsfólk Skóla- og velferðarþjónustu

Forstöðumaður:

María Kristjánsdóttir

Skólaþjónusta:

Hrafnhildur Karlsdóttir, teymisstjóri og kennsluráðgjafi

Ólína Þorleifsdóttir, kennsluráðgjafi

Hugrún Vignisdóttir, sálfræðingur

Berglind Friðriksdóttir, sálfræðingur hóf störf 1. ágúst 2015

Anna Stefanía Vignisdóttir, talmeinafræðingur Uppsveita og Flóa, hóf störf 1. september 2015

Málefni fatlaðs fólks:

Arna Ír Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi

Velferðarþjónusta:

Hveragerðisbær: Jódís Bjarnadóttir félagsráðgjafi hætti störfum 1. júní 2015 og Halla Dröfn Jónsdóttir, félagsráðgjafi, hóf störf 1. júní 2015. Erna Guðmundsdóttir, forstöðumaður heimþjónustu, hætti störfum 1. september 2015 og Heiðdís Anna Þórðardóttir tók við af henni 1. september 2015. Steinunn Jónsdóttir forstöðumaður heimilisins Birkimörk.

Sveitarfélagið Ölfus: Tara Margrét Vilhjálmsdóttir félagsráðgjafi, Sigrún Theódórsdóttir forstöðumaður þjónustumiðstöðvar eldri borgara, Steinunn E. Þorsteinsdóttir forstöðumaður heimilisins Selvogsbraut.

Laugarás (Uppsveitir Árneshvíls og Flói): Sigurjón Árnason félagsráðgjafi, Sigrún Símonardóttir forstöðumaður heimþjónustu

Velferðarþjónusta Árneshvíks

Velferðarþjónusta Árneshvíks starfar á grundvelli laga um félagslega þjónustu nr. 40/1991, barnaverndarlaga nr. 80/2002, laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.

Markmið velferðarþjónustu Árneshvíks

- Markmið velferðarþjónustunnar er að veita góðar upplýsingar og leiðbeiningar vegna annars vegar félagslegra réttindamála og hins vegar að veita aðstoð vegna félagslegs eða persónulegs vanda. Í störfum sínum leggur starfsfólk velferðarþjónustunnar áherslu á fyrirbyggjandi úrræði og leiðir sem stuðla að hjálp til sjálfshjálpar.
- Félagssleg ráðgjöf er veitt án fordóma og af virðingu fyrir einstaklingum. Áhersla er lögð á styrkleika notenda þjónustunnar með heildarsýn að leiðarljósi. Áhersla er á að virkja notendur til sjálfhjálpar með fjölbreyttum virkniúrræðum sem henta þörfum sem flestra.
- Markmið með barnaverndarstarfi er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná þessum markmiðum með því að styðja fjölskyldur í uppeldishlutverkinu og beita úrræðum til verndar börnum þegar það á við.
- Lögð er áhersla á gott samstarf við íbúa og stofnanir sveitarfélaganna um málefni barna m.a. til að tryggja sem best að tilkynningarskylda skv. barnaverndarlögum sé virt.
- Félagssleg heimþjónusta skal vera einstaklingsmiðuð og veittur skal viðeigandi stuðningur til aldraðra svo þeir geti dvalið sem lengst á eigin heimili.
- Í þjónustu við fatlað fólk er hugmyndafræðin um sjálfstætt líf höfð að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði fatlaðs fólks, styðja til þátttöku í eigin lífi og efla færni þeirra til félagslegra samskipta.

Félagssleg ráðgjöf

Félagssleg ráðgjöf er veitt skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni fatlaðs fólks. Ráðgjöfin getur bæði verið í formi almennrar og sérhæfðrar ráðgjafar.

Markmið félagslegrar ráðgjafar er tvíþætt. Annars vegar að veita upplýsingar um félagsleg réttindamál og hins vegar að veita stuðning vegna félagsleg og persónulegs vanda.

Ráðgjöf sem stendur til boða er:

- Félagssleg ráðgjöf s.s. vegna uppeldis- og samskiptavanda, skilnaðar, forsjár- og umgengismála
- Ráðgjöf vegna fjármála
- Ráðgjöf vegna húsnæðismála og/eða þjónustu í búsetu
- Ráðgjöf er tengist atvinnu og endurhæfingu
- Sérhæfð ráðgjöf / þjónusta vegna fatlaðra barna


Fjöldi mála í félagslegri ráðgjöf hafa ekki verið talin sérstaklega en oftast er veitt slík ráðgjöf um leið og notendur sækja um félagslega aðstoð.

Fjárhagsaðstoð

Fjárhagsaðstoð er veitt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga en samkvæmt þeim er hverjum og einum skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Í lögnum er einnig kveðið á um að sveitarfélag skuli veita íbúum sínum þjónustu og aðstoð sem er til þess fallin að bæta úr vanda eða koma í veg fyrir að fólk lendi í þeirri aðstöðu að geta ekki séð fyrir sér og sínum. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshings hefur sett sér sérstakar reglur um fjárhagsaðstoð sem starfsmenn Skóla- og velferðarþjónustu vinna eftir.


Ýmsar ástæður geta legið að baki því að fólk þurfi fjárhagsaðstoð, svo sem lág laun, atvinnuleysi eða veikindi. Fjárhagsaðstoð til einstaklings getur verið allt að kr. 139.020 á mánuði og kr. 222.432 á mánuði til hjóna eða fólks í sambúð. Aðstoðin er óháð barnafjölda, þar sem reiknað er með að barnabætur, meðlög og barnalífeyrir mæti kostnaði vegna barna. Vaxtabætur og húsaleigubætur mæta mismunandi kostnaði vegna húsnæðis. Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna, sbr. IV. kafla í reglum um fjárhagsaðstoð. Ráðgjöf vegna fjármála er veitt þar sem þörf er fyrir hana og alltaf í tengslum við fjárhagslega aðstoð.

Alls fengu 115 einstaklingar fjárhagsaðstoð á árinu 2015, 50 karlar og 65 konur. Heildarupphæð fjárhagsaðstoðar var kr. 43.993.479.



Mynd 2. Fjöldi einstaklinga í Árneshingi sem fengu fjárhagsaðstoð skipt eftir hjúskaparstöðu.

Fjöldi einstaklinga sem fékk fjárhagsaðstoð skipt eftir starfsstöðvum:




Mynd 3. Laugarás.

Heildarfjöldi 18 einstaklingar

Heildarupphæð fjárhagsaðstoðar 2015

kr. 7.400.894




Mynd 4. Hveragerði.

Heildarfjöldi 60 einstaklingar

Heildarupphæð fjárhagsaðstoðar árið 2015

kr. 20.906.876



Mynd 5. Sveitarfélagið Ölfus.


Heildarfjöldi 37 einstaklingar

Heildarupphæð fjárhagsaðstoðar árið 2015

kr. 15.685.709

Fjárhagsaðstoð skipt eftir aldri og kyni:


Flestir sem fá fjárhagsaðstoð í Árnesþingi eru á aldrinum 25-39 ára og eru konur þar í meirihluta. Flestar af þeim konum eru einstæðar mæður. Karlmennt í yngsta aldurshópnum koma síðan þar á eftir. Fæstir fá fjárhagsaðstoð í elsta aldursflokknum.



Mynd 6. Fjárhagsaðstoð eftir aldri og kyni.

Fjöldi mánaða á fjárhagsaðstoð skipt eftir starfsstöðvum:

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er hugsuð sem neyðaraðstoð og er öryggisventill ef önnur kerfi grípa ekki einstaklinginn. Í grafinu hér fyrir neðan sést að langflestir fá fjárhagsaðstoð í stuttan tíma og má því segja að markmið fjárhagsaðstoðar sem neyðaraðstoð sé náð. Þeir einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð í 7 mánuði eða lengur eiga oft við fjölþættan vanda að stríða og þurfa á endurhæfingu að halda.




Mynd 7. Fjöldi mánaða á fjárhagsaðstoð eftir starfsstöðvum.


Barnavernd

Félagsráðgjafar vinna að málefnum barna og ungmenna samkvæmt barnaverndarlögum og í umboði Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings.

Markmið barnaverndarlaga er að tryggja börnum sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Flest barnaverndarmál sem upp koma eru unnin í góðri samvinnu við foreldra og börn. Mikil áhersla er lögð á að finna sameiginlegar lausnir og leiðir og eru gerðar meðferðaráætlanir í öllum málum.




Mynd 8. Heildarfjöldi fjölskyldna og barna sem unnið var með á árinu.




Mynd 9. Heildarfjöldi tilkynninga árið 2013 – 2015.

Ástæður tilkynninga

Ástæður tilkynninga skiptast í þrjá megin flokka: Vanræksla, ofbeldi og áhættu hegðun. Vanræksla gagnvart barni er skilgreind sem skortur á nauðsynlegri athöfn, sem leiðir til eða er líkleg til að leiða til skaða á þroska barns. Vanræksla skiptist í fjóra flokka: Líkamleg vanræksla, vanræksla varðandi umsjón og eftirlit, vanræksla varðandi nám og tilfinningarleg vanræksla. Ofbeldi gagnvart barni er skilgreint sem athöfn af hálfu foreldris eða annars aðila, sem leiðir til eða er líklegt til að leiða til skaða á þroska barns. Ofbeldi skiptist í þrjá flokka: Barn beitt tilfinningalegu ofbeldi, barn beitt líkamlegu ofbeldi og barn beitt kynferðislegu ofbeldi. Áhættu hegðun barns er skilgreind sem athöfn eða skortur á athöfn barns sem veldur barninu sjálfu eða öðrum skaða eða er líklegt til að valda því eða öðrum skaða. Í áhættu felst að auknar líkur séu á óæskilegri þróun þegar um áhættu hegðun barna er að ræða. Oftast er um börn eldri en 13 ára að ræða í þessum hluta. Áhættu hegðun skiptist í fimm flokka: Grunur um neyslu barna á vímuefnum, grunur um að barn stefni eigin heilsu í hættu, grunur um afbrot barns, grunur um að barn beiti annan einstakling ofbeldi og grunur um erfiðleika barns í skóla, skólasókn áfátt.




Mynd 10. Ástæður tilkynninga skipt eftir starfsstöðvum.



Mynd 11. Fjöldi barna sem tilkynnt var um.

Könnun mála


Mál telst barnaverndarmál þegar ákvörðun er tekin um að hefja könnun máls. Af þeim tilkynningum sem bárust árið 2015 var ákveðið að hefja könnun í máli 37 barna en ekki var talin ástæða til að kanna aðstæður 10 barna.



Mynd 12. Barnaverndarmál eftir starfsstöðvum.

Staða mála eftir könnun

Þegar könnun máls er lokið þá er metið hvort ástæða sé til að veita stuðning skv. barnaverndarlögum. Ekki var þörf á að veita stuðning í málum 19 barna :




Mynd 13. Staða mála eftir starfsstöðvum.

Stuðningsúrræði

Stuðningur skv. barnaverndarlögum var veittur í málum 21 barns þar sem vinnsla málsins hófst á árinu. Jafnframt var veittur áframhaldandi stuðningur í málum 24 barna þar sem vinnsla máls hófst fyrir árið 2015.

Eftirfarandi stuðningsúrræðum var beitt á árinu 2015 (ath. fleiri en eitt úrræði getur átt við hvert barn):




Mynd 14. Stuðningsúrræði sem var beitt árið 2015.

Á árinu 2015 voru 2 börn vistuð utan heimilis tímabundið. Fjögur börn eru í varanlegu fóstri á vegum nefndarinnar.

Staða barnaverndarmála í árslok 2015

Mál 40 barna eru enn í vinnslu hjá barnavernd við árslok en málum 21 barns var lokað á árinu.




Mynd 15. Staða mála við árslok eftir starfsstöðvum.


Félagsleg heimaþjónusta

Félagsleg heimaþjónusta er veitt skv. lögum um félagsþjónustu nr. 91/2001 og reglum skóla- og velferðarþjónustu sem samþykktar voru á árinu 2013. Heimaþjónusta er fyrir einstaklinga og fjölskyldur () sem þurfa stuðning eða aðstoð við heimilishald og persónulegt hreinlæti vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, veikinda eða fötlunar. Félagsleg heimaþjónusta felur í sér eftirfarandi þjónustubætti: Aðstoð við heimilisþrif, aðstoð við persónulegt hreinlæti, félagslegan stuðning, innlit, stutta viðveru og heimsendingu matar/aðstoð við matargerð. Réttur fólk til að fá þjónustu byggir annars vegar á þeim lögum sem skylda sveitarfélög til að veita þjónustuna og hins vegar á greiningu á þörf í hverju tilviki fyrir sig. Þar sem meginmarkmið heimaþjónustu er hjálp til sjálfshjálpar er í sumum tilvikum um tímabundna þjónustu að ræða.

Í félagslegri heimaþjónustu starfa alls 19 starfsmenn í samtals 14,89 stöðugildum. Sveitarfélögin veita þjónustu almennt á dagvinnutíma og eru flestir að fá aðstoð við þrif á heimili. Í Sveitarfélaginu Ölfusi er einnig veitt þjónusta um kvöld og helgar og er þá fyrst og fremst verið að veita aðstoð við persónulega umhirðu. Heildarkostnaður vegna félagslegrar heimaþjónustu var kr. 94.382.305.



Mynd 16. Fjöldi heimila sem fá heimaþjónustu skipt eftir sveitarfélögum.



Mynd 17. Fjöldi heimila sem fá heimaþjónustu skipt eftir stöðu.

Dagdvöl aldraðra

Dagdvöl hefur það að markmiði að auðvelda öldruðum að búa sem lengst á eigin heimili og er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjón til að geta búið lengur heima. Í dagdvöl er boðið upp á mat á heilsufari, þjálfun, tómsundaiðju, stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs.


Sveitarfélagið Ölfus rekur dagdvöl fyrir 8 einstaklinga í Þjónustuhúsi eldri borgara að Egilsbraut 9 í Þorlákshöfn.

Í Hveragerði rekur dvalar- og hjúkrunarheimilið Ás dagdvöl fyrir 5 einstaklinga sem nefnist Bæjarás. Reksturinn er í samstarfi við Hveragerðisbæ en Ás sér um daglegan rekstur og Hveragerðisbær sér um ferðaþjónustu.


Málefni fatlaðs fólks

Þjónusta

Fatlað fólk nýtur allrar almennrar þjónustu sem sveitarfélög veita. Auk þess er í boði ýmis sértæk þjónusta í samræmi við lög um málefni fatlaðs fólks sem miðar að því að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og skapa þeim skilyrði til að lifa eðlilegu lífi. Sérhæfð stoðþjónusta er ætluð þeim sem eru með greiningu um fötlun skv. 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum.



Mynd 18. Fjöldi fatlaðs fólks sem í þjónustu skipt eftir starfsstöðvum.



Mynd 19. Sértæk þjónusta veitt fötluðu fólki skipt eftir starfsstöðvum.

Búseta

Í Árnesþingi eru rekin tvö heimili með sólarhringsþjónustu fyrir fatlað fólk.

Heimilið að Birkimörk er staðsett í Hveragerði og búa þar 5 einstaklingar. Starfsmenn heimilisins hafa það að leiðarljósi að veita íbúunum þjónustu af virðingu og mannlegri reisn. Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði íbúanna, að styðja þá til þátttöku í eigin lífi og að efla færni þeirra til félagslegra samskipta.

Heimilið að Selvogsbraut er staðsett í Þorlákshöfn og búa þar 6 einstaklingar. Markmið heimilisins er að skapa íbúum öruggt heimili. Íbúar njóta aðstoðar á þeim sviðum er hindranir mæta þeim og leitast er við að vinna með styrkleika þeirra. Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði og félagsleg samskipti íbúanna og að auka lífsgæði þeirra í samræmi við óskir þerra og þarfir.

Forvarnir og fræðsla

Starfsfólk Skóla- og velferðarþjónustu stóð fyrir tveimur námskeiðum á árinu. Námskeiðin voru fyrir foreldra leikskólabarna og nefnast Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar. Á námskeiðunum var lögð áhersla á að kenna foreldrum leiðir til að vera samtaka í uppeldinu og skapa æskileg uppeldisskilyrði sem ýta undir færni sem líkleg er til að nýtast barninu til framtíðar.

Félagsráðgjafar sem vinna að barnavernd héldu fjórar kynningar fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla þar sem farið var yfir tilkynningarskyldu og hlutverk barnaverndar.

Félagsráðgjafar vinna í samstarfi við lögreglu þegar kemur að heimilisofbeldismálum. Samstarfið felst í því að bakvakt barnaverndar fer með lögreglu í útköll á heimili þar sem tilkynnt er um heimilisofbeldi. Hlutverk starfsmanns er að tryggja öryggi barna sem eru á heimilinu og jafnframt að vera stuðningur við þolendur.

Skólalþjónusta Árneshings

Skólalþjónusta Árneshings starfar á grundvelli reglugerðar nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu. Skólaárið 2015-2016 voru 934 nemendur í grunnskólum og 391 barn í leikskólum, samtals 1.325 nemendur. Skólar sem tilheyra þjónustusvæði Skólalþjónustu Árneshings eru:

Leikskólar

Álfaborg
Bergheimar
Krakkaborg
Leikholt
Óskaland
Undraland Flúðum
Undraland Hveragerði

Grunnskólar

Bláskógaskóli – Reykholti
Flóaskóli
Flúðaskóli
Grunnskólinn í Hveragerði
Grunnskólinn í Þorlákshöfn
Þjórsárskóli

Leik- og grunnskólar

Bláskógaskóli – Laugarvatni
Kerhólsskóli

Markmið Skólalþjónustu Árneshings


- Styrkja og styðja faglega við starf skólanna þannig að innan þeirra sé hægt að leysa flest þau verkefni sem upp koma með öflugri ráðgjöf og fræðslu til kennara og starfsfólks.
- Styðja við og efla samvinnu leik- grunn- og framhaldsskóla í Árneshingi og stuðla að samvinnu skóla og fagfólks á svæðinu.
- Styrkja nemendur, foreldra og starfsfólk skólanna. Stuðla að bættri líðan nemenda og efla þá í námi og starfi með hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar.
- Stuðla að framþróun í skólastarfi og kynna nýjungar með tilliti til sérstöðu hvers skóla.

Verkefni sálfræðinga


Sálfræðingar Skólalþjónustu Árneshings eru tveir og sinna þeir þjónustu í öllum leik- og grunnskólum á svæðinu. Þeir hafa ekki fasta viðveru í skólunum en staðsetning þeirra fer eftir eðli mála hverju sinni. Helstu verkefni sálfræðinga eru sálfræðilegar skimningar og athuganir, ráðgjöf til nemenda, kennara og foreldra vegna m.a. hegðunar- og tilfinningavanda, sem og þverfaglegt samstarf um málefni barna í Skólalþjónustunni. Þá standa sálfræðingarnir fyrir fræðslufundum og námskeiðum fyrir starfsfólk skóla ásamt námskeiðum sem ætluð eru foreldrum.

Hlutfallið á milli drengja og stúlkna sem fá þjónustu sálfræðings í grunnskólum er mjög jafnt. Í leikskólunum eru það hins vegar fleiri drengir en stúlkur sem fá þjónustu sálfræðings.


Ástæður tilvísana til sálfræðinga eru oft fleiri en ein. Einnig getur fleiri en einn sérfræðingur frá Skólalþjónustunni komið að hverju máli. Þverfaglegt samstarf innan Skólalþjónustunnar er mikið og virðast skólar vera að nýta sér ráðgjöfina í auknum mæli.



Mynd 20a. Hlutfall tilvísana í grunnskólum eftir kyni




Mynd 20b. Hlutfall tilvísana í leikskólum eftir kyni.



Mynd 21. Helstu verkefni sálfræðinga.

Verkefni talmeinafræðings í Uppsveitum og Flóa

Helstu verkefni talmeinafræðings felast í málfarslegum athugunum og gerð framburðarathugana. Þá veitir talmeinafræðingur ráðgjöf til foreldra og starfsfólks leik- og grunnskóla um málefni er varða tal- og málmeiri barna. Á starfssvæði talmeinafræðings eru 582 nemendur í leik- og grunnskólum. Talmeinafræðingur kennir á námskeiðum og fræðslufundum Skóla- og velferðarþjónustu og sinnir teymisvinnu í leik- og grunnskólum.




Mynd 22. Helstu verkefni talmeinafræðings.

Kennsluráðgjöf

Kennsluráðgjafar veita ráðgjöf til skólastjóra, kennara og annars starfsfólks leik- og grunnskóla í þeim tilgangi að efla skólana stöðugt í starfi. Þeir hafa frumkvæði að verkefnum sem stuðla að því að sameiginlegum markmiðum skóla og skólaþjónustu verði náð.

Kennsluráðgjafar veita ráðgjöf í leik- og grunnskólum vegna náms- og þroskastöðu, námsframvindu, félagsfærni og hegðunar nemenda. Þeir veita ráðgjöf og handleiðslu um kennsluumhverfi og snemmtæka íhlutun, þ.e. að bregðast fljótt við námslegum, félagslegum og sálrænum vanda hjá börnum. Þá koma þeir að úrlausn bráðamála ásamt sálfræðingum í samvinnu við þá sem málið varðar.

Kennsluráðgjafar liðsinna skólum við áætlanagerð um starfsþróun starfsfólks leik- og grunnskóla og standa fyrir öflugum tilboðum skólaþjónustu varðandi símenntun fyrir allar starfsstéttir skólanna. Einnig er samvinna og ráðgjöf til sveitarstjórna hluti starfs þeirra.



Mynd 23. Helstu verkefni kennsluráðgjafa.

Önnur verkefni Skólaþjónustu

Æfingin skapar meistarann, lestur unglunga LOGOS verkefni

Haustið 2015 voru nemendur í 9. bekk í fimm skólum á svæði skólaþjónustu Árneshvíls skimaðir fyrir lestrarvanda með mælitækinu LOGOS. 34% nemenda féllu undir viðmið um lestrarvanda. Öllum nemendum sem féllu undir viðmiðin var boðið á hraðlestrarnámskeið. Námskeiðið byggðist upp á endurteknum lestri heima og í skóla. Nemendur lásu undir stjórn kennara og foreldra fjórum sinnum í viku. Þrjár mínútur heima og þrjár mínútur í skóla.

Árangurinn af námskeiðinu fór fram úr björtustu vonum. 54% þeirra nemenda sem fóru á námskeiðið bættu árangur sinn á þann hátt að eftir átta vikur mældust þeir ekki lengur undir viðmiðum um lestrarvanda. Þeir sem áfram mældust undir viðmiðum héldu áfram í frekari greiningu og fengu viðeigandi stuðning. Sumir bættu árangur sinn svo um munaði og lásu eftir þessar átta vikur tvisvar sinnum hraðar en áður. Ætla má að þessir nemendur hafi fallið undir viðmiðin í fyrstu mælingu vegna æfingaleysis en ekki vegna undirliggjandi dyslexíu. Áhugavert er að sjá að sex mínútna lestur fjórum sinnum í viku geti bætt árangur nemenda svona mikið. Ólína Þorleifsdóttir kennsluráðgjafi hélt utan um verkefnið ásamt sérkennurum, þær eru; Erna Ingvarsdóttir frá Grunnskólanum í Hveragerði, Kolbrún Haraldsdóttir frá Flúðaskóla, Margrét Steinunn Larsen frá Bláskógaskóla Reykholti og Laugarvatni og Ragnhildur Þorsteinsdóttir frá Grunnskólanum í Þorlákshöfn. Stefnt er að því að halda áfram með verkefnið á nýju skólaári.

Mál- og lestrarstefna leik- og grunnskóla í Árnesþingi

Í markmiðum skóla- og skólaþjónustu í Árnesþingi um lestur, segir meðal annars að gera skuli átak í lestri á öllum stigum lestrarnámsins frá leikskóla til grunnskóla. Þar er lögð áhersla á aukið samstarf kennara milli skólastiga varðandi lestrarkennslu og nám. Ábyrgð skólaþjónustu er samkvæmt markmiðinu að standa fyrir námskeiðum um lestrarnám í leik- og grunnskólum og styðja skólana varðandi lestrarstefnu.

Í febrúar 2016 var hrundið af stað námskeiðsröð varðandi Mál- og lestrarstefnu leik- og grunnskóla í Árnesþingi. Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur annaðist skipulag námskeiðanna í samvinnu með skólaþjónustu og kenndi á námskeiðunum. Þá var Ásthildur þátttakendum til stuðnings í verkefninu. Haldin voru þrjú námskeið á vorönn 2016 og unnu þátttakendur heima í skólum á milli námskeiða. Markmiðið er styrkja og efla málþroska allra leik- og grunnskólabarna með áherslu á læsi í víðum skilningi. Formlegt lestrarnám hefjist í leikskóla og byggt sé ofan á það í grunnskóla. Þá setji leik- og grunnskólar í hverju sveitarfélagi upp verkáætlun varðandi próf og skimanir frá tveggja ára upp í 10. bekk.

Lögð var áhersla á að hefja samvinnu með heilsugæslum á svæðinu varðandi skil á upplýsingum í þroskaprófum í 2 ½ árs skoðunum. Anna Stefánía Vignisdóttir talmeinafræðingur skólaþjónustu hefur umsjón með því samstarfi.

Verkefnið um mál- og lestrarstefnu er afar viðamikilið, en eftirtalin verkefni stendur til að vinna að á næstunni: :

- Hvert sveitarfélag geri sér handbók eða blöðung um mál og lestrarstefnu.
- Skil á Hljóm-2 fari í ýtarlegra form.
- Unnið verði út frá grunnmælingum og að íhlutun innan skólanna verði í samræmi við mælingar, byggð á faglegum og gagnreyndum aðgerðum.
- Móttökuáætlun fyrir börn sem eru að læra íslensku sem annað tungumál.
- Flokka málörvunarefni í skólum eftir málþáttum.
- Samvinna með bókasafni.
- Samvinna með frístund vegna íslenskukennslu.

Stóra upplestarkeppnin

Að vanda hélt Skólaþjónustan utan um skipulag Stóru upplestrarkeppninnar fyrir nemendur í 7. bekkjum í grunnskólum í Árnessýslu. Lokahátíðir voru haldnar á tveimur svæðum, annars vegar fyrir skólana í uppsveitum og Flóa og hins vegar fyrir skólana í Árborg, Hveragerði og Þorlákshöfn.

Námskrárverkefni

Á skólaárinu 2015 – 2016 var unnið að verkefni sem skólastjórar á svæðinu og skólaþjónusta Árneshings hrundu af stað í kjölfar umræðu á skólastjórafundi. Verkefnið byggist á því að faggreinakennarar úr öllum skólum koma saman og vinna að námskrá fyrir 1. – 10. bekk sem byggð er á Aðalnámskrá grunnskóla og námskrá skólanna sjálfra. Tilgangurinn er að kennarar geta nýtt sér námskrána beint í kennslu með þeim breytingum sem þeir sjálfir kjósa að gera.

Verkefnið er unnið í góðu samstarfi við ráðgjafa hjá Mentor en þar er námskránum safnað saman og gerðar aðgengilegar skólum í Árneshingi.

Þær námsgreinar sem búið er að vinna eru: íslenska, stærðfræði, náttúrufræði, enska, hönnun og smíði og erlend tungumál.

Aðrar námsgreinar munu verða teknar fyrir á næstu misserum.

Kennarar sem unnið hafa að þessu verkefni eru mjög ánægðir með það tækifæri að geta komið saman og farið svona vel ofan í námsefnið og markmið Aðalnámskrár. Það er samdóma álit þeirra sem unnið hafa að verkefninu og þeirra sem notið hafa afurðar þess að verkefnið hafi nú þegar sannað gildi sitt.

Ytra mat skólaþjónustu

Í október 2015 skilaði Gerður G. Óskarsdóttir Doktor í menntunarfræði, skýrslu um ytra mat á Skólaþjónustu Árneshings. Markmiðið var meðal annars að meta hvernig til hefur tekist með markmið skóla og skólaþjónustu sem samþykkt voru vorið 2014. Þau fjalla um líðan, samfellu milli skólastiga, lestur og einstaklingsmiðað nám og tölvutækni. Skoðað var hvernig til hefur tekist að tryggja að þau séu leiðarljós í starfi skólanna og skólaþjónustunnar eins og áætlað var.

Við stofnun skólaþjónustunnar var lögð áhersla á sjálfbærni skólanna til að leysa úr málum sínum á vettvangi og snemmtæka íhlutun. Stefnt var að því að taka á vanda í námi sem fyrst þegar hans verður vart og vinna markvisst gegn því að til verði biðlistar um ráðgjöf eða sálfræðiaðstoð. Matið beindist því einnig að þessum þáttum í starfinu.

Framkvæmd á ytra mati

Matið var byggt á viðtölum og fyrirliggjandi gögnum. Fundað var með formanni NOS, forstöðumanni Skóla- og velferðarþjónustu, kennsluráðgjöfum og sálfræðingi um verklag og framkvæmd markmiða þjónustunnar. Þá var fjallað um verkferla, málaskrá, skimunarferli, störf nemendaverndarráða, skólamál vs. einstaklingsmál og biðlista. Rætt var við skólastjóra allra leik- og grunnskólanna þar sem lögð var áhersla á reynslu skólastjórnenda af skólaþjónustunni og þróunarstarf innan skólanna til að nálgast sett markmið. Þá var sjónum beint að fundum og námskeiðum á vegum skólaþjónustunnar, þátttöku og gagnsemi þeirra, svo og samstarfi

skólanna á svæðinu. Spurt var um meðferð og vinnslu beiðna skóla um ráðgjöf og sálfræðipjónustu og nýtingu ráðgjafar.

Fyrirliggjandi gögn voru m.a. samþykktir um skólaþjónustuna, erindisbréf, starfslýsingar, lýsingar á verkferlum, dæmi um ráðgjafir og yfirlit yfir yfir námskeið, niðurstöður frá skólum vegna Hljóm-2, samræmdra prófa, niðurstöður Pisa og niðurstöður um framgang sameiginlegra markmiða skóla og skólaþjónustu vorið 2015.

Hér á eftir eru helstu niðurstöður matsins er lúta beint að þjónustu Skólaþjónustu Árneshings.

Niðurstöður sýna að starfsmenn skólaþjónustunnar hafi í starfi sínu fylgt þeim markmiðum sem sett voru. Áhersla þeirra er greinilega á að styrkja skólana í starfi, nánar tiltekið að styrkja þá til sem mestrar sjálfbærni. Bæði frásagnir skólastjórnenda og gögn um starfsaðferðir skólaþjónustu eru grunnurinn að þessu mati. Ekkert dæmi var nefnt um að skólaþjónustan „tæki málin í sínar hendur“ eða stjórnaði starfsmönnum skólanna. Ljóst er að sálfræðipjónustan var undir væntingum hvað varðaði hraða á viðbrögðum við beiðnum í byrjun, en mikil ánægja með þjónustuna sem slíka. Aðeins einn sálfræðingur var þá við störf. Námskeiðstilboð skólaþjónustu falla að sameiginlegu markmiðunum. En svo er að sjá að samfella í inntaki náms og viðfangsefnum milli leikskóla- og grunnskólastigs og framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms hafi helst orðið útundan.

Tillögur matsaðila um starfshætti skólaþjónustu:

- Starfsmenn haldi áfram á sömu braut.
- Lagt er til að unnið verði markvisst að því að greiningar sem unnar eru af sálfræðingum eða ráðgjöfum séu nýttar í skólunum. Lykilatriði er að farið sé eftir ráðgjöf skólaráðgjafa og greiningum og ráðgjöf sálfræðinga. Þetta er verkefni skólanna og skólaþjónustunnar.
- Lagt er til að gerður verði formlegur samningur við aðila eða fyrirtæki um að koma að lausn starfsmannamála þegar þörf krefur. Varað er við að kennsluráðgjafar sinni vanda sem upp kemur í starfsmannahópum.
- Haldin verði námskeið fyrir kennara þar sem umfjöllunarefnið er m.a.:
 - Framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms; sjálfstæði og sjálfræði nemenda, lýðræðislegt starf í skólastofunni; einstaklingsáætlanir; „alvöru“ samvinna; „alvöru“ umræður.
 - Skil skólastiga, t.d. samfella í námi, samvinna um skólanámskrá fyrir 5 og 6 ára börn, þátttaka 5 ára barna í starfi í 1. bekk grunnskóla (eins og víða er, en ekki alls staðar) og heimsóknir kennara milli skólastiga.
- Lagt er til að gerð verði tilraun með tilfallandi sameiginlega fundi fyrir stjórnendur beggja skólastiga, sbr. ósk þar um (t.d. einu sinni til tvisvar á ári). Það getur stuðlað að markvissari þekkingarmiðlun milli skólastiganna og auknu samstarfi frá því sem nú er.

Gerður segir í lokaorðum matsins: „Þetta ytra mat á skólaþjónustu Árneshings fyrsta eina og hálfu ár starfsins bendir til markvissra vinnubragða og mikillar ánægju með starfseminu. Það er gleðiefni og ætti að vera yfirstjórn hennar gott veganesti í framhaldinu. Undirstrikað er að ekki er unnt „að gera allt“ á einu og hálfu ári og metnaðarfullar áætlanir í farvatninu“.

„Bæði starfsmenn skólaþjónustunnar og stjórnendur skólanna eru vel meðvitaðir um markmiðin fjögur. Allt bendir til að þau séu raunhæf og mikill vilji er til að vinna að þeim“.

„Þetta ytra mat á skólaþjónustu og framkvæmd sameiginlegra markmiða getur einnig komið yfirstjórnnum skólanna í einstökum sveitarfélögum í Árnesþingi að gagni við að gera gott skólastarf enn betra í skólum sínum“. (Unnið upp úr skýrslu Gerðar G. Óskarsdóttur. Ytra mat vegna Skólaþjónustu Árnesþings. Október 2015.)

Úrbótaáætlun í kjölfar ytra mats

Áfangi/verkpáttur	Verkaskipting	Tímamörk	Viðmið um árangur
Unnið verði að því í samstarfi með skólastjórum að farið verði eftir ráðgjöf sálfræðinga og kennsluráðgjafa í skólum.	Allir sérfræðingar	Vor 2017	Allir sem óska eftir greiningum og ráðgjöf skuldbindi sig til að vinna eftir ráðgjöf og því sé sannanlega sinnt.
Gerður verði formlegur samningur við aðila eða fyrirtæki um aðkomu að lausn starfsmannamála þegar þörf krefur.	María, Hrafnhildur, NOS	Október 2016	Skólaþjónusta geti bent á – og skólastjórar leitað til ákveðins aðila/fyrirtækis vegna vanda í starfsmannamálum í skólum.
Vegna markmiðs um líðan og heilbrigði; Skólaþjónustan skilgreini markmiðið nánar og setji fram tillögur eða lista yfir þætti sem skólarnir gætu sinnt í þessum efnum v/ nemenda og starfsmanna um jákvæðan skólabrag almennt og jákvæðni í grenndarsamfélaginu.	Allir sérfræðingar skólaþjónustu	Nóvember 2016	Tillögur hafa verið kynntar skólastjórnendum á fundi og sendar til kennara. Tillögurnar varða þætti sem bætt geta skólabrag og jákvæðni í grenndarsamfélaginu.
Vegna markmiðs um líðan og heilbrigði; Sálfræðingar haldi námskeið um jákvæða sjálfsmynd, félagsfærni og líðan fyrir kennara, nemendur og foreldra.	Berglind og Hugrún	Haustönn 2016 Vorönn 2017	Foreldrar, nemendur og kennarar geta sótt námskeið um þá þætti sem stuðla að jákvæðri sjálfsmynd, félagsfærni og bættri líðan.
Vegna markmiðs um einstaklingsmiðað nám, samvinnu nemenda og áherslu á teymiskennslu. Námskeið verði haldið sem tekur á öllum þessum þáttum.	Ólína og Hrafnhildur	Ágúst 2016	Tveggja daga námskeið um einstaklingsmiðað nám, teymiskennslu og fjölbreytta kennsluhætti, unnið í samvinnu með grunnskólastjórum á svæðinu og Ingvari Sigurgeirssyni prófessor á Menntavísindasviði H.Í. Eftirfylgd í formi

			ráðgjafar, stuðnings og samræðu.
Vegna funda með skólastjórum. Áhersla verði lögð á faglega umræðu á fundum og minna um upplýsingagjöf.	Hrafnhildur og Ólína	Mars 2016	Á öllum fundum með skólastjórum er lögð áhersla á faglega umræðu og upplýsingamiðlun er takmörkuð
Vegna funda með skólastjórum. Reglulega verði haldnir sameiginlegir fundir leik- og grunnskólastjóra	Hrafnhildur og Ólína	Júní 2016	Reglulega eru sameiginlegir fundir skólastjóra leik- og grunnskóla sem stuðla að markvissri þekkingarmiðlun milli skólastiganna og auknu samstarfi.

Sameiginleg markmið skóla og skólaþjónustu 2014-2017

Vorið 2014 settu skólar og skólaþjónusta í Árnesþingi sér markmið í skólamálum fram til ársins 2017. Markmiðin voru unnin í samvinnu við sveitarstjórnarfólk á svæðinu auk þess sem starfshópur skólastjórnenda og starfsmanna skólaþjónustu vann að útfærslu markmiðanna fjögurra;

- Jákvæð sjálfsmynd, vellíðan og heilbrigði
- Samfella milli skólastiga
- Lestur
- Einstaklingsmiðað nám og nýting tölvutækni

Námskeið og fræðslufundir skólaþjónustu miðast að stórum hluta að því að sjá kennurum og starfsfólki skóla fyrir námskeiðum sem lúta að markmiðunum. Jafnframt sendir skólaþjónustan út rafrænar kannanir að vori til að fylgjast með hvaða skref hafi verið stigin í skólastarfinu til að vinna að framgöngu markmiðanna. Niðurstöður eru teknar saman að hausti og kynntar skólastjórnendum og skólaþjónustu- og velferðarnefnd.

Námskeið og fræðslufundir

Ein af megin stoðum í starfi Skólaþjónustunnar er að hafa fjölbreytt og metnaðarfull námskeið og fræðslufundi í boði fyrir starfsfólk í leik- og grunnskólum á starfssvæði þjónustunnar. Skólastjórar og kennarar hafa mikið um það að segja hvaða námskeið eru haldin. Það eru ýmist sérfræðingar skólaþjónustu eða utanað komandi sérfræðingar sem kenna á námskeiðunum. Þá er lögð áhersla á samráðsfundi kennara á svæðinu þar sem þeir kynna verkefni og vinnubrögð og deila þekkingu sín á milli. Skólar á svæðinu geta líka óskað eftir erindum sérfræðinga skólaþjónustu á fundum eða starfsdögum.

Eftirtalin námskeið og fræðslufundir voru haldnir á síðasta skólaári:

Námskeið/fræðslufundur	Kennari	Staður	Ágúst 2015- júni 2016
<i>Hagnýt ráð í kennslu og skipulag í skólastofunni</i>	Hrafnhildur Karlsdóttir og Ólína Þorleifsdóttir	Kerhólsskóli	Ágúst
<i>Kviði barna og unglinga</i>	Steinunn Anna Sigurjónsd. sálfræðingur á KMS	Þingborg	Ágúst
<i>Snjalltæki til tungumálakennslu</i>	Heimir Eyvindarson og Sigríður Sigurðardóttir dönskukennarar í GÍH	Grunnskólinn í Hveragerði	Ágúst
<i>Útikennsla</i>	Kristín Erla Ingimarsdóttir og Eygló Jósepsdóttir kennarar í Flúðaskóla	Flúðaskóli	Ágúst
<i>Uppeldi til ábyrgðar – grunnnámskeið</i> Unnið í samstarfi við GÍH	Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjóri Ingunnarskóla og Hildur Karlsdóttir, kennari í Álftanesskóla	Grunnskólinn í Hveragerði	Ágúst
<i>Samráðsfundur um sérkennslu í leik- og grunnskólum</i> Kynning á starfi sérkennslustjóra og Hljóm-2 Kynning á starfsemi stoðþjónustu Flóaskóla	Matthildur Elísa Vilhjálmisdóttir sérkennari Sigurbára Rúnarsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Hulda Kristjánsdóttir	Þjórarskóli	Október
<i>Hvernig get ég nýtt mér niðurstöður greindarprófa í grunnskóla?</i>	Hugrún Vignisdóttir	Grunnskólinn í Hveragerði	Nóvember
<i>Að vera deildarstjóri í leikskóla</i>	Hrafnhildur Karlsdóttir og Ólína Þorleifsdóttir	Flóaskóli og Kerhólsskóli	Nóvember og desember
<i>Spjaldtölvur í námi</i>	Ásta Kristjana Guðjónsdóttir sérkennari	Bláskógaskóli Reykholti	Nóvember
<i>Að starfa á frístundaheimili</i>	Hrafnhildur Karlsdóttir og Ólína Þorleifsdóttir	Grunnskólinn í Þorlákshöfn	Janúar
<i>Leiðtogaþjálfun</i> Fyrir skólastjórnendum, sveitarstjóra og skólaþjónustu	Ingvar Jónsson og Matti Ósvald markþjálfar hjá Profectus	Ráðhús Ölfuss	Febrúar

<i>Mál – og lestrarstefna í leik- og grunnskólum í Árnesþingi</i>	Ásthildur B.J. Snorradóttir talmeinafræðingur	GÍH, Þingborg og GÍÞ	Febrúar, mars og apríl
<i>Að starfa í leikskóla</i>	Hrafnhildur Karlsdóttir og Ólína Þorleifsdóttir	Kerhólsskóli	Febrúar
<i>Að starfa í grunnskóla</i>	Hrafnhildur Karlsdóttir og Ólína Þorleifsdóttir	Flúðaskóli	Febrúar
<i>„Litlu börnin“</i>	Hrafnhildur Karlsdóttir og Ólína Þorleifsdóttir	Leikholt	Mars
<i>Samráðsfundur um sérkennslu í leik- og grunnskólum</i>	Umsjón Hrafnhildur Karlsdóttir og Ólína Þorleifsdóttir	Grunnskólinn í Hveragerði	Mars
<i>Myndlistakennsla í leik og grunnskólum</i>	Vilborg María Ástráðsdóttir, leikskólakennari í Krakkaborg og Eygló Jósephsdóttir myndmenntakennari í Flúðaskóla	Flúðaskóli	Apríl
<i>Deilum hugmyndum</i> Kennarar í 1. -4. Bekk	Umsjón Ólína Þorleifsdóttir	Grunnskólinn í Þorlákshöfn	Apríl
<i>Skapmikil börn</i>	Hugrún Vignisdóttir og Berglind Friðriksdóttir	Þingborg	Apríl

Námskeið og fræðslufundir sem sérfræðingar skólaþjónustu voru með inni í skólunum á fundum og skipulagsdögum:

Fyrirlestur	Kennari	Staður	Dagsetning
<i>Þegar börn fá kast</i>	Berglind Friðriksdóttir og Hugrún Vignisdóttir	Þorlákshöfn	Nóvember
<i>Félagsþroski og vinátta / Kvíði leikskólabarna</i>	Hrafnhildur Karlsdóttir og Hugrún Vignisdóttir	Flúðir	Nóvember
<i>Félagsleg kynhlutverk</i>	Hugrún Vignisdóttir	Krakkaborg	Desember
<i>Félagsleg kynhlutverk og nemendur með sérþarfir</i>	Hugrún Vignisdóttir	Flóaskóli	Apríl
<i>Skapmikil börn</i>	Berglind Friðriksdóttir og Hugrún Vignisdóttir	Þingborg	Apríl
<i>Skapmikil börn</i>	Berglind Friðriksdóttir og Hugrún Vignisdóttir	Kerhólsskóli	Maí

Samstarf skólaþjónusta

Skólaþjónusta Árneshings leggur áherslu að vera í samstarfi við skólaþjónustur annarra sveitarfélaga. Skólaþjónusta Árneshings, Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu og Skólaþjónusta Árborgar funda u.þ.b. þrisvar sinnum á ári og eru fundirnir haldnir til skiptis hjá þjónustunum. Samstarfið nýtist einkar vel. Farið er yfir það sem helst er á döfinni hverju sinni og hugmyndum og upplýsingum miðlað. Þá eru þessar þrjár skólaþjónustur í ágætu samstarfi varðandi fræðslufundi og námskeið.

Skólaþjónusta Árneshings er aðili að Grunni, Félagi fræðslustjóra og stjórnenda á skólaskrifstofum. Haldnir eru fundir að hausti og vori þar sem starfsfólk sérfræðiþjónusta hittist auk fulltrúa Menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þar er farið yfir ýmis málefni er varðar skólamál auk þess sem fulltrúum gefst tækifæri til að hitta kollega og bera saman bækur. Í maí síðastliðnum var slíkur fundur haldinn í Sveitarfélaginu Ölfusi.

